

Velferðarnefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2020

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð). Þingskjal 1129 – 665. mál.

BHM hefur fengið til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum 46/1980 (vinnuverndarlög). Með frumvarpinu stendur til að framlengja ákvæði til bráðabirgða nr. 9 í vinnuverndarlögum, sem heimilar að aðilar vinnumarkaðarins geri með sér samkomulag um að víkja frá ákvæðum 53. og 56. gr. laganna sem fjalla um hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veita einstaklingum þjónustu á grundvelli notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Þegar það bráðabirgðaákvæði sem nú stendur til að framlengja kom til umræðu haustið 2018 var BHM mótfallið því að veittar yrðu áframhaldandi undanþágur frá ákvæðum 53. og 56. gr. vinnuverndarlaga.

BHM veitti Velferðaráðuneytinu umsögn um frumvarpsdrögin í september 2018 en það misfórst að koma þeirri umsögn BHM á framfæri við Alþingi þegar málið fékk þinglega meðferð. Í umsögn BHM kom þá fram að bandalagið fagnaði tilkomu laga 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. BHM væri hins vegar mótfallið því að veittar verði áframhaldandi undanþágur frá ákvæðum 53. og 56. gr. vinnuverndarlaga. Var vísað í að í greinargerð með frumvarpsdrögunum kom fram að ákvæði vinnuverndarlaga byggja á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins sem felur í sér lágmarksréttindi og er ætlað að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna. BHM hefði áhyggjur af því að lengdur vinnutími og minni hvíld væru til þess fallin að auka líkur á mistökum í starfi. Mistök í starfi sem þessu geta verið mjög dýrkeypt, eins og dæmin hafa sannað.

Þá kom fram að viðbúið væri að notendur þjónustu á grundvelli laga 38/2018 séu í mörgum tilvikum fólk með mjög sérhæfðar stuðningsþarfir sem krefjast mikillar nákvæmni, umsjónar og eftirlits. Langur vinnutími og skert hvíld eru til þess fallin að draga úr nákvæmum vinnubrögðum og er auk þess á skjön við styttingu vinnuvikunnar sem nú er víða að koma til framkvæmdar meðal annars með það að markmiði að auka gæði starfs og vinna gegn streitu starfsfólks. Vakti BHM sérstaka athygli á að það leiddi ekki sjálfkrafa til síðri þjónustu til notenda yrði undanþágan ekki framlengd. Það myndi hins vegar í einhverjum tilvikum leiða til aukins kostnaðar við þjónustu. Það telur BHM réttlæt看legt fremur en að hætta á mistök sem eru afleiðing af ónógri hvíld starfsmanns.

Þessi afstaða BHM er óbreytt. Er það skoðun bandalagsins að heppilegra sé að hið opinbera taki á sig og greiði þann viðbótarkostnað sem fellur til við það að ákvæði vinnuverndarlaga um hvíldartíma gildi einnig um starfsmenn sem veita notendastýrða persónulega aðstoð.

Þá er það afstaða BHM að heppilegra væri, verði gildistími bráðabirgðaákvæðis nr. 9 framlengt, að gerður verði greinarmunur á þjónustuþörf notenda þannig að í þeim tilvikum þar sem þjónustuþörf er mikil og krefst aukinnar nákvæmni og sérþekkingar eigi umrætt ákvæði til bráðabirgða ekki við.

*Virðingarfyllt
f.h. BHM,*

Andri Valur Ívarsson

Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð), 665. mál

BSRB hefur borist umsagnarbeiðni um ofangreint frumvarp þar sem lagt er til að gildistími bráðabirgðaákvæðis 9 í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verði enn á ný framlengdur, nú til 31. desember 2020. Þá er jafnframt lagt til að ákvæðið gildi afturvirkkt og taki þannig til samninga sem gerðir voru á tímabilinu frá 1. janúar 2020 og út gildistíma þess. Í upphafi er rétt að taka fram, nú sem fyrr, að bandalagið telur notendastýrða persónulega aðstoð (hér eftir NPA) vera mikilvægan áfanga í réttindabaráttu fatlaðra hér á landi. Umsögnin og athugasemdir bandalagsins snúa alfarið að stöðu þess starfsfólks sem veitir þjónustuna.

Með lögum nr. 80/2015 voru gerðar breytingar á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (hér eftir vinnuverndarlögum) þar sem lögfest var undanþáguheimild frá lágmarksreglum um hvíldartíma og næturvinnutíma starfsmanna. BSRB kom að undirbúningi frumvarpsins og studdi framgang þess á þeim tíma, enda stóð til að útfæra á tímabili undanþágunnar framtíðarlausn til þess að tryggja hagsmunum þess starfsfólks sem um ræðir. Undanþágan átti upphaflega að falla á brot í árslok 2016 en var framlengd til ársloka 2018. Nær engin vinna átti sér stað á því tímabili hvað varðar réttindi NPA starfsmanna.

Þann 1. október 2018 tóku gildi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem NPA var lögfest. Frá árinu 2015 og þar til sú lögfesting átti sér stað fór sú vinna einfaldlega ekki fram sem lofað hafði verið, en þess má geta að frá upphafi hafa BSRB og önnur hagsmunasamtök og stofnanir á vinnumarkaði ítrekað bent á mikilvægi þess að heildarúttekt fari fram á starfsaðstæðum og vinnuvernd starfsfólks sem veita þjónustuna. Enn fremur hefur þess verið krafist að settar verði sérstakar reglur til þess að tryggja betur réttindi þeirra. Þessum kröfum hefur að nær engu leyti verið svarað.

Þann 2. október 2018 fékk BSRB erindi frá félagsmálaráðuneytinu (þá velferðarráðuneytið) þar sem óskað var eftir tilnefningu í nefnd um réttindi starfsmanna sem veita NPA. Þar sagði að hlutverk nefndarinnar yrði m.a. að fylgjast með því hvort réttindi starfsmanna séu virt, t.d. þegar kemur að vinnutíma, orlofi og vinnuáðstæðum en einnig að koma með tillögur að breytingum á lögum eða reglugerðum gerist þess þörf. Gert var ráð fyrir að nefndin skilaði ráðherra skýrslu eigi síðar en 30. apríl 2019.

Skömmu síðar, eða undir lok árs 2018, var lagt fram frumvarp þar sem til stóð að framlengja þá undanþáguheimild sem hér um ræðir til ársloka árið 2020. BSRB skilaði umsögn um frumvarpið og lagðist gegn því. Þar lagði bandalagið ríka áherslu á að undanþágan fái ekki fram að ganga nema samhliða verði tryggð réttindi starfsmanna sem veita NPA. Niðurstaðan varð sú að undanþágan var framlengd til ársloka árið 2019, en undir þeim formerkjum að á þeim tíma yrði fundin framtíðarlausn á málinu.

Fyrsti fundur nefndar um réttindi starfsmanna sem veita NPA var hins vegar ekki haldinn fyrir en þann 15. ágúst 2019, rúmum þremur mánuðum eftir að skýrsla nefndar um réttindi og aðbúnað starfsmanna sem veita NPA átti að liggja fyrir og rúmum þremur mánuðum áður en undanþágan rann úr gildi. Nefndin er nú að störfum og situr undirritaðir í henni fyrir hönd BSRB.

Nú er undanþáguheimildin útrunnin og af þeim sökum stendur til að framlengja hana enn á ný, nú til ársloka 2020. BSRB getur ekki fallist á það, eins og bandalagið kom á framfæri við ráðuneytið þegar frumvarpið var til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda, með vísan til þeirra miklu tafa sem hafa orðið á málinu allt frá árinu 2015. Í ljósi aðstæðna leggur BSRB þó til, rétt eins og bandalagið gerði í umsögn sinni til ráðuneytisins í febrúar, að undanþágan verði framlengd til 1. september 2020 og tíminn þangað til verði nýttur til þess að finna þá framtíðarlausn sem lofað hefur verið. Það er hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Hrannar Már Gunnarsson".

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð), mál 665.

Landssamtökin Proskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er gríðarlega mikilvægur þáttur í að tryggja mannréttindi og tækifæri fatlaðs fólks á Íslandi til jafns við aðra, enda er þjónustuformið ákaflega vel til þess fallið að stuðla að sjálfstæði, mannhelgi og frelsi fatlaðs fólks. Við innleiðingu NPA í þjónustu og síðar í lög á Íslandi varð mikil breyting á þjónustu við fatlað fólk sem vill fá og hefur fengið þetta þjónustuform. Í stað þess að þjónusta fjölda fólks innan búsetuúrræðis hefur aðstoð færst á heimili notandans og hefur starfsmaður það eina hlutverk að aðstoða notandann við athafnir daglegs lífs og við að taka þátt í samfélaginu með þeim hætti sem notandinn kys.

Nauðsynlegt er að virða réttindi starfsfólks á vinnumarkaði en það þarf einnig að huga að þeirri sérstöðu sem NPA hefur, til að mynda þegar kemur að lengri vöktum og auknum sveigjanleika í starfssambandi notanda og aðstoðarfólks. Þessir hagsmunir notanda og starfsfólks geta farið mjög vel saman þegar vel er búið um hnúta.

Tryggja verður að fatlað fólk geti hagað þjónustu sinni með þeim hætti að hún henti því og tryggi velferð þess. Það þýðir að ekki mun allt starfsfólk vilja vinna slíka vinnu en um það verður fólk að geta valið. Rétt eins og næturvaktir á skemmtistöðum henta sumum og öðrum ekki, og sjómennska sumum og öðrum ekki. Vaktafyrirkomulag NPA er óhefðbundið en hefur fest sig í sessi, notendum og aðstoðarfólki til hagsbóta.

Mjög mikilvægt er að fjallað sé af virðingu fyrir bæði starfsfólki og fötluðu fólki um hvernig hægt er að haga þjónustunni þannig að um hana ríki víðtæk sátt hjá þeim sem í hlut eiga. Landssamtökin Proskahjálpar vilja með umsögn sinni ítreka mikilvægi NPA og lýsa yfir vilja til að taka virkan þátt í samtali um þróun og framtíðartilhögun NPA.

Landssamtökin Proskahjálpar óska eindregið eftir að fá fund með velferðarnefnd til að gera nefndinni betur grein fyrir tillögum sínum og áherslum.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Proskahjálpar
Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, verkefnastjóri hjá Proskahjálpar



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2020
2005004SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð) – 665. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl sl. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna sem veita persónulega notendastýrða aðstoð).

Í frumvarpinu er lagt til að lengja gildistíma bráðabirgðaákvæðis 9 í umræddum lögum en þar var kveðið á um að með samkomulagi samtaka aðila vinnumarkaðarins væri heimilt að víkja frá ákvæðum 53. og 56. gr. sömu laga um hvíldartíma og næturvinnutíma þeirra starfsmanna sem veittu einstaklingum þjónustu á grundvelli verkefnisins. Lagt er til að lengja gildistímann til 31. desember 2020 svo nefnd er starfar undir forustu félagsmálaráðuneytisins geti skilað ráðherra skýrslu um hvort réttindi starfsmanna séu virt og koma með tillögur að breytingum á lögum eða reglugerðum ef þess gerist þörf.

Tekið er undir þær ábendingar er koma fram í umsögnum BSRB og BHM að það er mjög bagalegt hversu langan tíma tók að virkja ofangreinda nefnd. Þann 19. september 2018 móttók sambandið beiðni frá þáverandi velferðarráðuneyti þar sem óskað var eftir tilnefningum og þann 26. október 2018 var tilnefning sambandsins tilkynnt til ráðuneytisins. Samkvæmt bréfi ráðuneytisins átti umrædd nefnd að skila niðurstöðum til ráðherra ekki síðar en 30. apríl 2019. Það var síðan ekki fyrr en í júní 2019 er skipunarbréf var sent út til nefndarmanna og fyrsti fundur var ekki haldinn fyrr en 15. ágúst 2019, þ.e. rúmum þremur mánuðum eftir að nefndin átti að skila niðurstöðum.

Þrátt fyrir ofangreindar tafir styður sambandið að bráðabirgðaákvæðið sé framlengt til áramóta. Um er að ræða mikilvæga þjónustu og geta vanhugsaðar breytingar haft alvarleg áhrif á notendur NPA. Yrði það sérstaklega slæmt ef farið yrði í tímabundnar breytingar þar sem bráðabirgðaákvæðið hafi fallið úr gildi og síðan þurfi að endurskipuleggja starfið aftur nokkrum mánuðum síðar þegar tillögur nefndarinnar væru komnar til framkvæmda. Gera má ráð fyrir því að nefndin skili af sér tillögum fyrir haustið og þá þarf að gefast svigrúm til að koma þeim tillögum til framkvæmda. Reglugerðir og lagabreytingar eiga að fara í samráðsgátt og vera kostnaðarmetnar og því ljóst að jafnvel þótt unnið sé hratt og örugglega mun niðurstaða úr þeirri vinnu ekki vera komin til framkvæmda fyrr en um áramót.

Lokaorð

Sambandið styður að frumvarpið verði að lögum og hvetur ráðuneytið til að flýta störfum nefndarinnar eins og kostur er svo ekki reynist þörf á að framlengja ákvæðið að nýju eða skapa óvissuástand um framkvæmd NPA samninga.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri